

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Ég skil samt að þörf er á aukningu tekna vegna breytinga sem gerðar voru á bifreiðagjaldi og vörugjöldum tengdum minni kolefnisútbæstri bifreiða. Ég tel þetta of flókið og dýrt í framkvæmd, miða við þær tekjur sem þetta gæti skilað. Algerrar endurskoðunar er þörf, miða við breyttar aðstæður. Að mínu mati á að leggja niður núverandi bifreiðaskatts kerfi og sleppa vegatollum, en þess í stað skoða nýtt kerfi bifreiðaskatts. T.d. mætti skoða að greiða hver bifreið greiði ákv. upphafsgjald á hverju ári og svo sé greitt af hverjum eknum kílómetra eftir kílómetra mæli bifreiðar. Undirritað: Gísli H. Sverrisson